

L Ö G

um viðauka við lög nr. 29 8. nóv. 1895, um hagfræðiskýrslur.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Iðnfyrirtæki þau, sem eru tryggingarskyld samkv. lögum nr. 72 8. sept. 1931, um slysatryggingar, eru skyld til að láta hagstofunni árlega í té skýrslu um magn og verð framleiðslu sinnar, um notkun hráefna og aðstoðarefna, um tölu og samanlagðan vinnutíma verkamanna og starfsmanna ásamt útborguðu vinnukaupi, svo og aðrar upplýsingar um fyrirtækið samkvæmt eyðublöðum, sem hagstofan semur í samráði við iðnráð Reykjavíkur.

2. gr.

Útgerðir innlendra skipa, sem notuð eru til farþega- eða vöruflutninga, eru skyldar til að láta hagstofunni í té skýrslur um hverja ferð skipanna, þar sem tilgreind sé í rétttri tímaröð hver höfn, sem skipið hefir komið á, ásamt því vörumagni, sem það hefir lagt þar á land eða tekið þar til flutnings, svo og tölu farþega frá hverjum stað og til hvers staðar. Sama skylda hvílir á útgerðum erlendra skipa, sem eru í áætlunarferðum milli hafna hér á landi eða milli Íslands og útlanda, og ber aðalafgreiðsla útgerðarinnar hér á landi ábyrgð á því, að skýrslum þessum sé skilað til hagstofunnar í tæka tíð. Ennfremur skulu skipamiðlarar skyldir að láta hagstofunni í té samskonar skýrslur um öll þau skip, sem þeir leigja til og frá landinu.

3. gr.

Eigendur flutningstækja, sem hafa atvinnu af fólksflutningum eða vöruflutningum á þjóðvegum og hafa að minnsta kosti einn bíl í förum, skulu skyldir að láta í té, minnst árlega, skýrslur um flutninga samkvæmt skýrslueyðublöðum, er hagstofan semur.

4. gr.

Um skýrslur þær, sem um ræðir í 1. og 2. gr. laga þessara, gilda hin almennu fyrirmæli laga nr. 29 8. nóvember 1895.

5. gr.

64

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

10. des.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 10. desember 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

65

um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

10. des.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Lænborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Frá 1. janúar 1935 má enginn nema ríkisstjórnin flytja inn nokkra tegund af eldspýtum né vindlingapappír.

Ákvæði laga þessara ná eigi til eldspýtnaforða skipa, sem koma til landsins, ef hann telst hæfilegur handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar eru meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 10. og 11. grein.

2. gr.

Tóbakseinkasala ríkisins skal annast innkaup á eldspýtum þeim og vindlingapappír, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr., og selja kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum og kaupmönnum, en eigi öðrum.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með birgðir þær af eldspýtum og vindlingapappír, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. janúar 1935, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Gjaldið má þó eigi vera hærra en nemur álagningu tóbakseinkasölnunnar.

4. gr.

Tóbakseinkasala ríkisins skal leggja frá 25 til 100 af hundraði á eldspýtur, eftir því sem henta þykir um hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð